



## Tilkynning um kærúmál nr\_ 165\_2024 Nönnugata

Búið til	5.12.2024 13:35:09
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Móttekið dags.	5.12.2024 13:20:08
Tilheyrir	USK24120050 - Kæra 165/ 2024 - Nönnugata 16

### Efni

Tilkynning um kærúmál nr\_ 165\_2024 Nönnugata

### Upplýsingar

### Vinnsla

Móttekið dags.	5.12.2024 13:20:08	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	00.15.02 Kæur og dómsmál		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	[Redacted]

### Innihald

Góðan dag,

Hér með tilkynnist að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur móttekið kæru, dags. 29. nóvember 2024, vegna ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík að aðhafast ekki vegna ábendinga húsfélags Nönnugötu 16 vegna nýrra glugga í íbúð 202 á 2. hæð

hússins. Hefur kærán fengið málsnúmerið **165/2024**. Kærán ásamt fylgiskjöllum eru viðhegnd.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, þ. á m. ef við á fundargerðir, upprættir, umsóknir, samskipti við aðila máls og stofnanir, og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Hafi Reykjavíkurborg upplýsingar um netfang og/eða símanúmer eiganda íbúðar 202 er þess óskast að þær verði afhentar nefndinni sem allra fyrst.

Óskast staðfest um móttöku.

**Unnþór Jónsson lögfræðingur**  
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 575 8710  
[www.uua.is](http://www.uua.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



## Úrskurður USK24100281

Frá : [REDACTED]

fös., 29. nóv., 2024 23:06

Efni : Úrskurður USK24100281

Til : uua@uua.is

Cc : [REDACTED]

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 29. nóvember 2024.

## K æ r a

Húsfélagið Nönnugötu 16 í Reykjavík kt. 540573-0269 kærir hér með þann úrskurð, sem Deild afnota- og eftirlits á umhverfissviði sendi til húsfélagsins í lok október sl. varðandi kvörtun húsfélagsins um að eigandi íbúðar nr. 202 á annarri hæð hafi endurnýjað alla glugga á íbúðinni án samráðs við húsfélagið þannig að útlit þeirra varð annað en annarra glugga í húsinu. Þessi úrskurður deildarinnar er auðkenndur með USK24100281 og undirritaður af byggingarfulltrúa, Brynjari Þór Jónassyni, og vísað til byggingareglugerðar nr. 112/2012.

Við fulltrúar húsfélagsins teljum að mat deildarinnar sé rangt og að fyrirliggjandi teikningar af gluggum í húsinu hljóti að hafa einhvern tilgang í samþykktum teikningum hjá borginni. Einnig eigi við um þetta hús eldri byggingareglugerðir, sem voru í gildi þegar teikningar voru samþykktar. Að auki er ljóst að deildin hefur ekki tekið tillit til þess að þessi íbúð er með glugga, sem vísa ekki aðeins út á Nönnugötu, heldur líka út á Njarðargötu en þar er stílbrotið hrópandi og augljóst öllum, sem fara um þá fjölförnu götu. Það hljóta að vera mistök að gera þetta mat, sem fram kemur í umræddum úrskurði hjá deildinn. Þetta mál varðar alla íbúðaeigendur í húsinu því að þessir gluggar eru öðruvísi t.a.m. eru færri rúður í hverjum glugga, sem hlýtur að teljast verulegur munur. Þette er lýtir á yfirbragði hússins og leiðir til lægra söluverðs fasteigna þannig að áhrifin eru bæði byggingafræðileg og fjárhagsleg, sem álit fasteignasala gæti vottað. Því óskum við eftir að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skoði málið og taki það til endurskoðunar.

Með kveðju.

Jón Árnason  
Ólafur Þór Chelbat